

## REIKNINGUR

Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar  
og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1999.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1999.

<b>Tekjur</b>	kr.
Vextir af bankainnstæðum .....	5.346,70
	<u>5.346,70</u>
<b>Gjöld</b>	
Fjármagnsskattur .....	533,00
Tekjur umfram gjöld .....	4.813,70
	<u>5.346,70</u>

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1999.

<b>Eignir</b>	
Bankainnstæður .....	<u>66.978,86</u>
	66.978,86
<b>Skuldir</b>	
<i>Höfuðstólsreikningur:</i>	
Hrein eign pr. 1. janúar 1999 .....	kr. 62.165,16
Hreinar tekjur árið 1999 .....	kr. 4.813,70
	<u>66.978,86</u>
	66.978,86

*Samgönguráðuneytinu, 11. maí 2000.*

F. h. r.

**Halldór S. Kristjánsson.**

28. apríl 2000

Nr. 346

## REGLUR

um endurgreiðslu kostnaðar vegna veikinda eða slysa erlendis.

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um sjúkratryggða einstaklinga sem nauðsyn er að leita sér lækninga þar sem þeir eru staddir erlendis en eiga ekki rétt til sjúkrahjálpar á grundvelli milliríkja-samninga, sbr. þó 6. gr.

Reglurnar taka almennt til sjúkrakostnaðar sem til fellur vegna skyndilegra sjúkdóms-tilfella eða slysa. Reglurnar ná þó til alls nauðsynlegs sjúkrakostnaðar ef um er að ræða námsmann eða einstakling sem fengið hefur tryggingu skv. 9. gr. b eða 9. gr. c laga um almannatryggingar nr. 117/1993, sbr. reglugerð nr. 463/1999.

Með sjúkrakostnaði er átt við sams konar kostnað og sjúkratryggingar taka þátt í að greiða á Íslandi, sbr. að öðru leyti IV. kafla laga um almannatryggingar.

2. gr.

*Grunnkostnaður.*

Ef sjúkratryggðum einstaklingi er nauðsyn að leita sér lækninga þar sem hann er staddur erlendis greiðir Tryggingastofnun sjúkrakostnaðinn eins og um sjúkrahjálp innan lands væri að ræða.